



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

Starfsskýrsla 2018-2019

Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

Starfsskýrsla 2018-2019

Aðalfundur
21. september 2019
haldinn í Grensáskirkju



Hjálparstarf
kirkjunnar

Efnisyfirlit

Inngangur	4	<i>Efnisleg aðstoð</i>	17
Verkefni á alþjóðavettvangi	5	<i>Inneignarkort fyrir matvöru</i>	21
Mannúðaraðstoð veitt fórnarlömbum náttúruhamfara og stríðsátaka	6	<i>Aðstoð við börn og unglunga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun</i>	21
<i>Mannúðaraðstoð í Eþíópíu</i>	6	<i>Lyf og hjálpartæki</i>	21
<i>Vinátta í verki - aðstoð vegna náttúruhamfara á Grænlandi</i>	7	<i>Notaður fatnaður</i>	22
<i>Mannúðaraðstoð í Palestínu</i>	7	<i>Jólaaðstoð</i>	22
<i>Mannúðaraðstoð í Jórdaníu við fólk á flóttu frá Sýrlandi</i>	8	Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð	23
<i>Mannúðaraðstoð í sjálfstjórnarhéruðum Kúrda í Írak</i>	9	Fræðsla og málsvarastarf	25
<i>Mannúðaraðstoð í Suður-Súdan</i>	9	Fræðsla	25
<i>Mannúðaraðstoð í kjölfar jarðskjálfta og risaflóðbylgju á indónesísku eyjunni Sulawesi</i>	10	Málsvarastarf	26
Próunarsamvinna	11	Fjármál	28
<i>Eþíópía</i>	11	Fjáröflun	28
<i>Indland</i>	13	Framlög til verkefna og reksturs	29
<i>Úganda - Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis</i>	13	Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk	31
<i>Úganda - Unglingar í fátækrahverfum</i>	14	Hlutverk	31
<i>Kampala fá tækifæri til betra lífs</i>	14	Skipulag	31
		Framkvæmdastjórn	31
		Starfsfólk	31
Verkefni innanlands	16	Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar	32
Neyðaraðstoð vegna fátæktar	16		
<i>Ráðgjöf</i>	16		

Inngangur

Náttúruhamfarir, vopnuð átök og kerfi sem viðhalda ójöfnuði innan og milli samfélaga gera það að verkum að mörg hundruð milljónir jarðarbúa búa við verulega fátækt á því herrans ári 2019. Frá 2005 til 2014 fækkaði hungruðum ár frá ári en samkvæmt stöðuskýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2018 fjölgaði fólki í heiminum sem lifir við hungurmörk þá þriðja árið í röð. Nú er svo komið að einn af hverjum níu jarðarbúum býr við sult.

Stærsta vátta okkar tíma, hamfarahlýnun af manna völdum, krefst tafarlausa aðgerða okkar allra í nærumhverfi okkar og með samvinnu á alþjóðavettvangi. Um leið og við verðum að þrýsta á stjórnvöld um að grípa til aðgerða sem koma í veg fyrir frekari hlýnun jarðar verðum við að tryggja að grunnþörfum jarðarbúa sé mætt. Við verðum að tryggja að fólk hafi húsaskjól, aðgengi að vatni, fæðu og heilbrigðisþjónustu.

Mennska okkar og mannúð býður okkur að setja velferð barna í algeran forgang. Að við veitum þeim börnum, sem aðstoð þurfa, stuðning til þess að þau geti í fyrsta lagi lifað af og í öðru lagi tekið þátt í samfélaginu óháð uppruna og félagslegri stöðu. Við verðum að tryggja öllum börnum skólagöngu svo þau geti þroskað með sér eiginleika og hæfni sem eru þeim og þar með samfélaginu alls til heilla.

Aldrei hafa fleiri verið á flótta í heiminum en undanfarin ár. Það er lykilatriði að við getum sett okkur í spor þeirra sem þurfa á aðstoð að halda og að við sýnum samkennd í verki. Okkur ber að veita náunga okkar vernd gegn ofbeldi. Það er þannig skylda okkar að sporna gegn útilokandi hugmyndafræði á borð við útlendingahatur.

Vissulega og sem betur fer höfum við stigið framfaraskref í átt að farsæld fyrir alla jarðarbúa og vísbendingar eru um árangur á ýmsum sviðum. Samræmingarstjóri heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna segir samt sem áður í ársskýrslu að okkur jarðarbúum miði of hægt í viðleitni okkar við að ná markmiðunum á tilsettum tíma, árið 2030. Við verðum að gera meira og við verðum að gera betur.

Aðgerðir okkar, hvers og eins, það að við beitum gagnrýnni hugsun, þrýstum á stjórnvöld um aðgerðir og réttum um leið náunganum hjálparhönd eru púsl í heildarmyndinni um farsæld fyrir alla, lífsnauðsynleg púsl.

Í starfsskýrslu þessari segjum við frá verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í þágu fólks sem býr við fátækt á Íslandi, þróunarsamvinnuverkefnum með fólki í fátækari samfélögum heims og mannúðaraðstoð sem veitt var fólki á áttaksvæðum og í kjölfar náttúruhamfara á liðnu starfsári. Starfið er aðeins mögulegt vegna stuðnings frá hjartahlýju fólki sem er umhugað um náunga sinn.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn!
Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri

Verkefni á alþjóðavettvangi

Árið 2015 samþykktu öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að vinna að heimsmarkmiðum um sjálfbært og farsælt líf jarðarbúa árið 2030. Til þess að ná heimsmarkmiðunum 17 og 169 undirmarkmiðum þeirra þurfa þjóðir heims að vinna saman á heildrænan hátt. Stjórnvöld verða að axla sína ábyrgð heima fyrir og í alþjóðlegri samvinnu til þess að ekkert þúsl verði útundan í heildarmyndinni. Mannúðarsamtök sem vinna í grasrótinni gegna í þessu samhengi veigamiklu hlutverki með því að framkvæma verkefni sem öll miða að sjálfbærni og farsæld samfélaga sem starfað er með.

Styrkur Hjálparstarfs kirkjunnar í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur einmitt í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar og þær eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar og sjálfbærni.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að og starfar með Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, og Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, sem samhæfir aðgerðir með hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna og starfar eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Starfið felst í efnislegri aðstoð við fólk í neyð, valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo stjórnvöld taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að grípið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra til hins betra.

Verkefni eru valin óháð þjóðerni, litarhætti, kyni, kynhneigð, trúar-, lífs- og stjórnmálaskoðun þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Þau eru á hverjum tíma valin eftir því sem efnahagur stofnunarinnar leyfir, hjálparbeiðnum sem berast og mati stjórnar og samstarfsaðila á því hvar og hvernig hjálpin skilar bestum árangri. Verkefnin miða alltaf að því að hjálpa þeim sem höllustum fæti standa í þeim samfélögum sem starfað er með.

Hluti af starfinu felst í fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags og stjórnvalda eða annarra sem bera ábyrgð á velferð fólks. Hjálparstarfið virkjar fólkið sjálft eins og mögulegt er í öllum verkefnum og leitast er við að byggja upp þekkingu og færni samfélaga svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf.

Mannúðaraðstoð veitt fórnarlömbum náttúruhamfara og stríðsátaka

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð með fjárframlögum til verkefna systursamtaka í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, og til Hjálparstarfs Lútherska heimsambandsins, Lutheran World Federation Department for World Service, LWF DWS. ACT Alliance er samstarfsnet 155 kirkjutengdra hjálparstofnana í yfir 140 ríkjum og Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, starfar í umboði 148 kirkjustofnana í 99 þjóðríkjum.

Mannúðaraðstoð er veitt fórnarlömbum vopnaðra átaka og náttúruhamfara, bæði í kjölfar þeirra sem valda skyndilegri neyð svo sem eldgos og jarðskjálftar, og þeirra sem valda langvarandi neyð fólks, svo sem síendurteknir þurrkar og flóð sem meðal annars má rekja til hamfarahlýnunar jarðar af mannavöldum.

Markmið með mannúðaraðstoð er að bjarga mannlífum, vernda óbreytta borgara gegn vopnuðum átökum, útvega nauðþurftir og auðvelda fólki afturhvarf til eðlilegra lífshátta. Leitast er við að veita aðstoðina þannig að samfélög sem hafa laskast geti sem allra fyrst staðið á eigin fótum, hafi byggt upp innviði og eflt viðnámsþrótt sinn gegn hamförum.

Á starfsárinu 2018–2019 sendi Hjálparstarf kirkjunnar fjárframlag, alls 111,5 milljónir króna, til mannúðaraðstoðar í Palestínu, Jórdaníu, Írak, Suður-Súdan og Indónesíu. Framlagið er að meðtöldum styrkjum sem utanríkisráðuneytið veitti samkvæmt verklagsreglum um styrki til mannúðaraðstoðar borgarasamtaka.

Mannúðaraðstoð í Eþíópíu

Í júní 2018 varði Hjálparstarf kirkjunnar með styrk frá utanríkisráðuneytinu 26,3 milljónum króna til mannúðaraðstoðar við sjálfsþurftarbændur vegna þurrka og flóða sem og við fólk á vergangi vegna átaka í Oromia og Somalífylkjum í Eþíópíu. Börn og mæður með börn á brjósti sem og fólk með fötlun eða sjúkdóma voru í forgangi en alls náði aðstoðin til 198.446 manns til eins árs. Enginn kostnaður er vegna þessa verkefnis á starfsárinu en aðstoðin var veitt á tímabilinu engu að síður.

Fólkinu var tryggt aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Fólkið fékk kindur og geitur og korn til sáningar, fatnað, búsaðhöld og verkfæri. Sálrænn stuðningur var einnig veittur fólki sem flúið hefur heimkynni sín vegna átaka. Vinnufært fólk fékk greitt fyrir vinnu sína við að grafa fyrir vatnspró og fólk með fötlun fékk reiðufé fyrir nauðþurftum.

Vinátta í verki – aðstoð vegna náttúruhamfara á Grænlandi

Þann 17. júní 2017 urðu miklar náttúruhamfarir á vesturströnd Grænlands þegar flóðbylgja sópaði ellefu húsum á haf út í þorpinu Nuugaatsiaq og fjórir fórust. Skákfélagið Hrókurinn leitaði í kjölfarið liðsinnis Hjálparstarfs kirkjunnar um að safna fyrir aðstoð við íbúana en vegna hættu á frekari hamförum hafa íbúar þorpsins enn ekki fengið að snúa aftur heim. Í landssöfnun þar sem öll 74 sveitarfélögin í landinu lögðu hönd á plóg söfnuðust 39,6 milljónir króna.

Á starfsárinu 2017–2018 var sjálfstæður velferðarsjóður, Vinátta í verki, stofnaður til að útdeila söfnunarfénu svo það nýtist börnum og ungmennum á svæðinu sem best. Í upphafi starfsárs 2018–2019 var lokaframlag, ein milljón króna, fært til sjóðsins.

Mannúðaraðstoð í Palestínu

Hjálparstarf kirkjunnar svaraði neyðarbeiðni frá Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna um fjárframlag og sendi um miðjan september 2018 rúmar 26,4 milljónir króna til til mannúðaraðstoðar við Palestínumenn til maíloka árið 2019. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til verkefnisins.

Neyð fólksins á heimastjórnarsvæðum Palestínumanna er mikil og langvarandi en hún jókst enn frekar í kjölfar mótmæla á Gasaströndinni í apríl og maí 2018 og harðra viðbragða Ísraelshers við þeim. Ísraelsher beitti skotvopnum í auknum mæli gegn Palestínumönnum og sjúkrahús á svæðinu réðu ekki við þann fjölda særðra sem þangað var fluttur. Ýmsar aðgerðir sem Ísraelsher beitti eins og að torvelða samgöngur fólks og loka fyrir rafmagn og hita bættu svo gráu ofan á svart og höfðu mjög neikvæð áhrif á líf fólksins og afkomu þess. Starfsfólk á sjúkrahúsum var við að kíkna undan álagi og þörfin fyrir sálfélagslega þjónustu var brýn, fyrir heilbrigðisstarfsfólk jafnt sem almenning.

Markmiðið með aðstoðinni var að lina þjáningar og bæta lífsafkomu fólksins sem hefur búið við langvarandi neyð. Hún fólst í því að efla lækniþjónustu með sérstaka áherslu á að bæta úr næringarskortum barna. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar fengu stuðning svo hægt væri að ráða fleira starfsfólk og útvega lyf og lækningatæki. Sálrænn stuðningur og sálfélagsleg aðstoð var veitt bæði á einstaklingsmiðaðan hátt og í hópefli en sérstök áhersla var lögð að sálfélagslega aðstoð við börn og unglínga. Þær fjölskyldur sem verst voru settar fengu aukið aðgengi að drykkjarvatni og efnislega aðstoð til að eiga fyrir nauðþurftum. Þá var fjölskyldum sem stunda búfjárrækt útvegað fóður fyrir dýrin. Markhópurinn var um 29.000 manns.

Department of Service to Palestinian Refugees, DSRP, systursamtök Hjálparstarfs kirkjunnar í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, hafa starfað á svæðinu frá árinu 1952 og munu halda áfram að aðstoða þar fórnarlömb vopnaðra átaka.

Mannúðaraðstoð í Jórdaníu við fólk á flóttu frá Sýrlandi

Milljónir Sýrlendinga hafa neyðst til að flýja heimili sín vegna stríðsins sem hefur geisað í landinu frá árinu 2011. Neyðin er mikil og brýnt að koma fólkinu til hjálpar. Hjálparstarf kirkjunnar, með styrk frá utanríkisráðuneytinu, hefur lagt sitt af mörkum frá árinu 2014 og sent alls 86,8 milljónir króna til mannúðaraðstoðar við flóttafólkið, þar af 21,3 milljónir í janúar 2019.

Markmið með neyðarbeiðni Alþjóðlegs Hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, fyrir tímabilið janúar 2018 til loka mars 2019 var að lina þjáningar fólks frá Sýrlandi sem hefst að í flóttamannabúðum í Irbid í Jórdaníu. Um leið var leitast við að styrkja samfélagið sem tók á móti fólkinu en flóttafólk í Jórdaníu telur nú 8,7% af heildaríbúafjölda í landinu og er álag á innviði samfélagsins samkvæmt því.

Alls nutu um 1.700 manns aðstoðar Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, framkvæmdaraðila á vettvangi. Flóttafólkið fékk aðstoð við að koma sér upp húsa-skjólí, það fékk húsbúnað og matvöru en óvissa, þrengsli í tjaldbúðum fyrir flóttafólk, þar með talið lítið pláss fyrir börnin til að leika sér úti við, og hörð lífsbarátta gerir það að verkum að börn jafnt sem fullorðnir eru undir gífurlegu álagi og því þörfin fyrir sálfélagslegan stuðning er brýn.

Það var því fyrsta markmið með aðstoð Lútherska heimssambandsins að hlúa að börnum á aldrinum 0 til 14 ára. Aðstoðin fól í sér fræðslu og sálrænan stuðning sem veittur var í gegn um skipulagðar íþróttir og leiki. Foreldrar voru virkjaðir til þátttöku í íþróttæfingum og enskukennsla var í boði fyrir unglinga í búðunum.

Meðal þess sem fjallað var um í hópavinnu með börnunum var hvernig sjálfmynd verður til, hvernig hægt er að stjórna tilfinningum, um heilbrigð samskipti og tengsl við jafnaldra sem og við fullorðna. Þá var fjallað um hvernig og hvers vegna kemur til átaka og hvernig hægt sé að stuðla að friði. Börnin og unglingarnir fengu þannig tækifæri til að setja sér markmið og móta bjartari framtíðarsýn.

Annað brýnt markmið var að tryggja til lengri tíma lífsafkomu flóttafólksins og þeirra íbúa í móttökusamfélaginu sem höllustum fæti standa. Tugir sjálfshjálparhópa kvenna fengu styrki til að setja á laggirnar fjölbreytta starfssemi, svo sem veitingarekstur, framleiðslu sælgætis og mjölkurvöru, saumastofu, snyrtistofu, handverksstofu og farsímaviðgerðir.

Samvera og samvinna kvenna á flóttu og kvenna úr móttökusamfélaginu hefur haft jákvæð áhrif þar sem viðhorf gagnvart flóttfólkinu breyttist við nánari kynni og tengslamyndun. Í hópunum var veitt sálfélagsleg aðstoð og konurnar fengu fræðslu um réttindi sín í samfélaginu. Staða kvennanna sem hafa tekið þátt í sjálfshjálparhópum hefur breyst til batnaðar frá því þær hófu þátttöku. Nú þegar konurnar eru byrjaðar að afla tekna hafa þær meiri áhrif og taka virkari þátt í ákvörðunum sem varða hag fjölskyldunnar.

Þegar líða tók á aðstoðartímabilið mat fólkíð sjálft hvaða efnislegu og samfélags-

legu þörfum væri brýnast að svara og í framhaldinu fengu um 100 stúlkur skóladót og þeim auðveldað að sækja skóla. Þau 125 börn sem þjuggu við mjög erfiðar aðstæður fengu skópör og ákveðið var að planta 100 trjágræðlingum í samfélagsgarði.

Mannúðaraðstoð í sjálfstjórnarhéruðum

Kúrda í Írak

Í janúar 2019 svaraði Hjálparstarf kirkjunnar beiðni frá Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, um að bregðast við neyð fólks á vergangi vegna langvarandi átaka á svæðum Kúrda í norðurhluta Íraks. Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, er ábyrgt fyrir þann þátt aðstoðarinnar sem Hjálparstarfið sendi fjárframlag til, alls 21,3 milljónir króna. Markhópur í eitt ár frá 1. janúar 2019 telur 27.960 manns. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til verkefnisins.

Markmiðið er að tryggja líf og heilsu fólksins sem hefst að í Nineveh og Dohuk héruðum. Það er meðal annars gert með því að tryggja aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Fólkið fær þjálfun í landbúnaðar- og verslunarstörfum og fær laun fyrir vinnu á meðan þjálfun stendur. Efnisleg aðstoð er veitt svo allslaust fólk geti byggt híbýli, skóla og aðrar stofnanir sem veita grunnþjónustu. Sálfélagleg þjónusta er veitt börnum og konum og skólastarf tryggt fyrir börnin.

Mannúðaraðstoð í

Suður-Súdan

Suður-Súdan hlaut sjálfstæði frá Súdan árið 2011 en tveimur árum síðar hófst blóðug borgarastyrjöld í landinu. Síðan þá hafa hundruð þúsunda íbúa látið lífið og milljónir fólks flúið heimkynni sín. Vopnhlé var gert um sumar 2018 en átökin og seinkun regntíma hafa gert það að verkum að milljónir íbúa voru við hungurmörk um mitt ár 2019. Milljónir íbúa hafa flúið yfir landamærin til nágrannaríkja eða eru á vergangi innanlands.

Í janúar 2019 svaraði Hjálparstarf kirkjunnar neyðarkalli Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, og sendi 21,3 milljónir króna til mannúðaraðstoðar við fólk sem hafði flúið heimili sín og farið til Miðbaugsfylkis í Suður-Súdan. Hjálparstarf finnsku kirkjunnar, FCA, er framkvæmdaraðili verkefnisins sem varir í tvö ár, ágúst 2018 til ágúst 2020. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til verkefnisins.

Markmiðið er að tryggja fæðuöryggi og lífsafkomu 2.500 Suður-Súdana sem flúið hafa heimkynni sín vegna langvarandi átaka og þurrka í landinu og hjálpa um leið fólki sem býr við örbirgð í móttökusamfélaginu í Miðbaugsfylki. Einstæðar mæður, munaðarlaus börn, eldra fólk og fólk sem glímur við alvarlega sjúkdóma fær efnislega aðstoð svo það fái mætt grunnþörfum sínum. Vinnufært fólk fær landbúnaðarverkfæri og þjálfun í notkun þeirra til að yrkja jörðina og verjast matarskort. Fólkið fær líka þjálfun í verslun með landbúnaðarafurðir.

Á starfsárinu 2016–2017 sendi Hjálparstarfið 12,4 milljónir króna til mannúðaraðstoðar Lútherska heimssambandsins við flóttafólk frá Suður-Súdan í Úganda. Með framlaginu þá var 27.348 flóttamönnum tryggður aðgangur að hreinu vatni, skjóli, hreinlætisaðstöðu og lífsviðurværi í Norður-Úganda í eitt ár.

Mannúðaraðstoð í kjölfar jarðskjálfta [REDACTED] og risaflóðbylgju á indónesísku eyjunni Sulawesi

Þann 28. september 2018 reið jarðskjálfti upp á 7,4 á Richterskvarða yfir eyjuna Sulawesi í Indónesíu og í kjölfar hans skall risaflóðbylgja á land. Áætlað er að fleiri en 4300 íbúar hafi látist í hamförunum og enn fleiri slösuðust alvarlega. Yfir tvö hundruð þúsund íbúar misstu heimili sín og lífsviðurværi.

Hjálparstarf kirkjunnar svaraði neyðarbeiðni frá Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, og sendi í janúar 21,3 milljónir króna til aðstoðar við fórnarlömb náttúruhamfaranna. Systursamtökin Church World Service, CWS, Indonesian Christian Association for Health Services, PELKESI/ICAHS, og YAKKUM Emergency Unit, YEU, veita aðstoðina og er verkefnið til tveggja ára, frá október 2018 til september 2020. Utanríkisráðuneytið styrkir verkefnið.

Aðstoðin felst í því að gera fólkinu kleift að byggja upp örugg híbýli og tryggja lífsafkomu sína. Aðgengi að drykkjarhæfu vatni er bætt sem og aðgengi að hreinlætisaðstöðu ásamt því sem fræðsla er veitt um mikilvægi hreinlætis. Komið er í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma í tjaldbúðum og almenn heilbrigðisþjónusta tryggð sem og sálrænn stuðningur. Sérstakur stuðningur er veittur þeim sem búa við fötlun sem og konum sem ganga með barn eða eru með börn á brjósti, ungabörnum og öldruðum. Þá er öryggi barna og unglingsstúlkna sett á oddinn. Markhópurinn telur 100.000 manns.

Þróunarsamvinna

Í þróunarsamvinnu starfar Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnum hjálparsamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, í þágu fólks í einna fátækustu samfélögum heims.

Meginmarkmið eru að fólk sem býr við sára fátækt geti séð sér farborða á sjálfbæran hátt. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja velferð barna. Verndun umhverfisins og valdefling, og þá kvenna sérstaklega, eru áherslupættir í verkefnunum sem unnin eru í samvinnu við fólk með sjálfstærðum stað. Samstarfsaðilar Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu þekkja vandann af eigin raun, menninguna og tungumál á hverjum stað. Þeir eru á staðnum eftir að verkefnum lýkur og geta metið árangur þeirra.

Á starfsárinu 2018–2019 varði Hjálparstarf kirkjunnar 73,7 milljónum króna til þróunarsamvinnu í Eþíópíu, á Indlandi og í Úganda. Utanríkisráðuneytið veitti styrki til verkefnanna í Eþíópíu og Úganda samkvæmt verklagsreglum um styrki til verkefna borgarasamtaka í þróunarsamvinnu, samtals 42,4 milljónum króna.

Eþíópía

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sára fátæku fólki í Sómalífylki í Eþíópíu. Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólk geti aukið fæðuöryggi sitt með umhverfisvernd og bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið í Eþíópíu með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu frá árinu 2007 eða í 12 ár.

Brunnar hafa verið grafnir og þar sem það hefur ekki verið mögulegt hafa verið grafnar vatnsþræur fyrir regnvatn. Stíflur og veggir í árfarvegum hafa verið reist til að halda regnvatni í farvegi og hefta eyðimerkurmyndun, nýjar og þurrkþolnari korntegundir hafa verið kynntar til sögunnar sem og skilvirkari ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé.

Konur hafa tekið þátt í sparnaðar- og lánahópum og hafa fengið fræðslu um hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hófu margar kvennanna rekstur og reka litla búð, stunda geita- og hænsnarækt og rækta grænmeti. Konur sem hafa tekið þátt í verkefninu tala um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt á verkefnasvæðunum áður en samvinnan hófst.

Á 10 árum náði aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar beint og óbeint til fleiri en 130.000 einstaklinga í Jijigahéraði og breytti lífi þeirra til hins betra. Í lok árs 2017 lauk aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar í héraðinu enda var sjálfbærni ein megin stoðin í verkefninu þar.

Í upphafi árs 2018 hóf Hjálparstarf kirkjunnar samstarfsverkefni í nágrennahéraðinu Kebri Beyah sem er austur af Jijiga. Verkefnið er til þriggja ára og og nam

kostnaður við það um 41 milljón króna á starfsárinu 2018–2019. Verkefnið nýtur stuðnings utanríkisráðuneytisins samkvæmt verklagsreglum um styrki til verkefna borgarasamtaka í þróunarsamvinnu.

Markhópurinn í Kebri Beyah eru 2.987 fjölskyldur eða 13.322 einstaklingar í fimm þorpsskjörnum eða kebele. Aðstoðin nær auk þess, en með óbeinum hætti, til 36.468 annarra íbúa á svæðinu. Samtals nær aðstoðin því til 11.162 fjölskyldna eða til 49.790 manns. Sem fyrr eru meginmarkmið þrjúþætt; að auka aðgengi fólksins að vatni og hreinlætisaðstöðu; að það geti bætt fæðuöryggi sitt með skilvirkum aðferðum í landbúnaði og umhverfisvernd; að efla fjárhagsleg og félagsleg völd og áhrif kvenna á svæðinu samfélaginu öllu til hagsbóta.

Á árinu 2018 tókst aðeins að framkvæma 80% af áætluðu verki en aðalástæður þess voru að stjórnvöld í fylkinu báðu um að skoðað yrði hvort hægt væri að bora eftir vatni í stað þess að grafa vatnsþræ og tafði það uppbyggingu tveggja vatnsþróa. Sá þáttur verkefnisins komst á skrið um vor 2019 og á árinu 2019 verður því grafið fyrir samtals fjórum vatnsþróum í stað tveggja sem áætlað var. Yfirvöld í fylkinu skoða enn kostnað við og möguleika á sjálfbærni þess að bora eftir vatni og leggja leiðslur en að svo stöddu er ekki talið fýsilegt að bora eftir vatni á þessu mikla þurrkasvæði.

Aðrir verkþættir sem fyrirhugaðir voru á árinu 2018 og á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 voru að einhverju leyti á eftir áætlun vegna tímabundins skorts á fræum á markaði, verðbólgu og tíðra bilana í farartæki sem verkefnið hefur til umráða. Það sem ekki hefur áunnist á fyrri hluta árs 2019 verður framkvæmt á seinni hluta ársins.

Á starfsárinu voru sýnikamrar reistir til þess að hvetja fjölskyldurnar til þess að reisa kamra við hífýli sín og auka þannig hreinlæti og minnka líkur á smitsjúkdómum. Fræðslufundir voru haldnir um mikilvægi hreinlætis og um smitleiðir sjúkdóma. Þá var vatnshreinsitöflum dreift til fjölskyldna. Sýnikamrana nota um 1.000 manns að staðaldri.

Unnið var að verndun umhverfisins með fræðslufundum um mikilvægi umhverfisverndar og í framhaldi fundanna skipulagði fólkið landgræðsluhópa sem planta trjágræðlingum og reisa stíflur og veggir í árfarvegum til að hefta jarðrof. Bændur fengu til ræktunar þurrkþolnar bauna- og korntegundur og verkfæri. Námskeið voru haldin um skilvirkar ræktunaraðferðir, dýraliðar fengu þjálfun í meðhöndlun dýrasjúkdóma og þeir bólusettu búfé eftir þjálfun.

Sparnaðar- og lánahópar kvenna voru stofnaðir. Konurnar fengu örlán og fræðslu um verslun og viðskipti og hvernig þær geta nýtt fjármuni sem þær afla til að hefja og efla eigin rekstur. Konurnar fengu einnig fræðslu um sparhlóðir og betri nýtingu þeirra á eldivið og um minni mengun við að nota þær í stað opinna eldstæða. Konurnar fengu þjálfun í að búa til sparhlóðir og í framhaldinu hafa þær framleitt og seld sparhlóðir úr steypu eða leir. Með því stuðla þær að verndun umhverfisins og bættri heilsu á svæðinu um leið og þær afla fjár til að sjá fjölskyldunni farborða.

Indland

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India eða UCCI, hefur starfað í Andhra Pradeshfylki í austurhluta Indlands frá árinu 1968. Frá stofnun hefur UCCI hjálpað fjölskyldum sem tilheyra hópi stéttleysingja í fylkinu og búa við örbirgð. UCCI rekur þar skóla, heimavist og spítala ásamt því að gefa fólkinu mat.

Frá árinu 1989 hafa Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar stutt starf UCCI með því að greiða kostnað við skóla- og heimavist fyrir börn ásamt því að senda stök framlög til viðhalds bygginga og til starfsemi spítalans. Starfsárið 2018–2019 styrktu Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar 225 börn og unglinga til náms en auk þess greiddi Hjálparstarfið laun átta kennara við skólann.

Alls var 10,7 milljónum króna varið til verkefnisins á starfsárinu.

Úganda – Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis

Frá árinu 2001 hefur Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðað HIVsmiða, alnæmissjúka, aðstandendur þeirra og eftirlifendur í þremur héruðum í Úganda; Rakai, Lyantonde og Sembabule en þar hefur nýsmit HIV verið tíðara en annars staðar í landinu. Starfið hefur tekið breytingum eftir því sem árin hafa liðið og síðustu starfsár hefur Hjálparstarf kirkjunnar starfað í Rakai og Lyantonde með samtökunum Rakai Community Based AIDS Organization (RACOB AO) sem sprottin eru upp úr starfi Lútherska heimssambandsins á svæðinu.

Uppbygging staðbundinna hjálparsamtaka eins og RACOB AO er talin ein helsta stoð virkrar þróunarsamvinnu og hlaut Hjálparstarf kirkjunnar lof fyrir samvinnu við samtökin í úttektarskýrslu sænska ráðgjafafyrirtækisins NIRAS fyrir utanríkisráðuneytið árið 2017.

Skjólstæðingar verkefnisins eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína af völdum alnæmis og búa ein en líka HIVsmiðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Heildarkostnaður við núverandi verkefni er áætlaður 33,5 milljónir króna á þremur árum, frá janúar 2018 desember 2020, eða um 11,2 milljónir ár ári.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins sem býr í hriplekum hreysum við nístandi skort með því að reisa íbúðarhús sem eru útbúin grunnhúsbúnaði og eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti. Reistir eru kamrar við hlið húsanna, fólkið fær fræðslu um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu.

Aðgangur að hreinu vatni er aukinn með því að koma upp 4000 lítra vatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna. Fjölskyldurnar og nágarnar þeirra nota vatnið úr tönkunum yfir þurrkatímamann í stað þess að fara marga kílómetra eftir drykkjarvatni í næsta vatnsból auk þess sem vatnið úr vatnsbólunum er oftast saurmengað. Þegar börnin þurfa ekki að fara eftir vatni um langan veg hafa þau tíma til að

sækja skólann. Hættan á kynferðislegri misnotkun minnkar einnig þegar stúlkur þurfa ekki að fara fjarri heimilinu eftir vatni í morgunsárið.

Fólkið fær geitur, hænur, verkfæri, fræ og útsæði til grænmetisræktunar, allt í þeim tilgangi að auka fæðuval og möguleika fjölskyldnanna á að afla sér tekna. Með fjölbreyttari fæðu batnar heilsa fjölskyldnanna og með tekjum aukast líkur á að börnin geti sótt skóla og fengið menntun. Með aukinni menntun minnka líkur á að stúlkur verði gefnar barnungar í hjónaband og eignist börn sjálfar. Með stuðningi er vítahringur fátæktar rofinn.

Aðstoðin er veitt í samráði við íbúana á svæðinu og í kjölfar úttektar á aðstæðum fólksins sem samfélögin í Rakai og Lyantonde mátu að væru í brýnustu þörf fyrir aðstoð voru múrsteinshús byggð fyrir sjö fjölskyldur á árinu 2018 og á fyrstu sex mánuðum ársins 2019. Í hverri fjölskyldu eru að meðaltali fjórir einstaklingar.

Auk aðstoðar við þær barnafjölskyldur sem höllustum fæti stóðu voru átta fræðslufundir haldnir fyrir samtals 400 íbúa um mikilvægi hreinlætis og um smitleiðir sjúkdóma á fyrstu sex mánuðum ársins 2019, tvisvar var fundað með sveitarstjórn-um um ábyrgð þeirra á velferð íbúanna og tíu sparnaðar- og lánahópar sem í eru samtals 300 íbúar voru settir á laggirnar. Fólkið sparar meðal annars fyrir skólagögn-um fyrir börnin.

Þrjátíu sjálfboðaliðar sóttu fimm daga námskeið til þess að veita í framhaldinu fræðslu um smitleiðir HIV og um forvarnir gegn sýkingu ásamt því að veita alnæmissjúkum ráðgjöf, meðal annars um mikilvægi þess að taka lyf við sjúkdómnum. Ráðgjöf og fræðsla sem sjálfboðaliðarnir veita stuðla að almennri þekkingu um HIV og alnæmi og að því að minnka fordóma í garð HIVsmitaðra og alnæmissjúkra.

Almennt voru aðstæður góðar í sveitum Rakaí og Lyantonde á starfsárinu. Uppskeyra var víðast góð í kjölfar góðrar rigningartíðar. Stjórnvöld hafa áform um að leggja vatnsleiðslur í þorpsskjarna í Rakaíhéraði og hafa haldið fræðslufundi með íbúunum um hvernig sé best staðið að verndun umhverfisins.

Framkvæmdastjóri og fræðslufulltrúi fóru í vettvangsferð á svæðið í lok maí 2019. Fræðslufni fyrir börn í fermingarfræðslu um haust 2019 var unnið upp úr heim-sókninni.

Úganda – Unglingar í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri til betra lífs

Í janúar 2017 hóf Hjálparstarf kirkjunnar stuðning við börn og ungmenni í Kampala, höfðuðborg Úganda, en samkvæmt Uganda Population Status Report frá 2018 eru þar 16,8% fólks á aldrinum 15 til 29 ára án atvinnu. Börn og ungingar í fátækrahverf-um höfuðborgarinnar eru útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð. Neyðin rekur ungingana til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

Valdeflingarverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar er í þremur hverfum borgarinnar,

Rubage, Nakawa og Makindye og varir í 3 ár frá 2017–2020. Áætlaður heildarkostnaður er um 33 milljónir króna. Markhópurinn eru börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára, samtals 1500 á þremur árum eða 500 á ári.

Markmiðið er að unga fólkið öðlist verkkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tímstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) sem hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. UYDEL er einnig leiðandi í málsvarastarfi fyrir börn og unglunga á landsvísu og ýta á aðgerðir gegn mansali og barnaþrælkun í álfunni og á heimsvísu.

Í smiðjum UYDEL í Kampala sem Hjálparstarf kirkjunnar fjármagnar geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega færni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápu-gerð. Einnig eru á dagskrá dans, leik- og sönglist og íþróttir. Í smiðjunum er jafningjafræðsla veitt um kynheilbrigði og rétt til heilbrigðisþjónustu. Samhliða fræðslunni fá unglungarnir smokka. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd unglunganna sem koma úr ömurlegum aðstæðum í fátækrahverfunum.

UYDEL aðstoðar unglungana sem koma í smiðjurnar við að komast á starfsnemasamning hjá fyrirtækjum í Kampala og í framhaldinu að fá þar vinnu. Einn þáttur í náminu hjá UYDEL er verslunarfræði en mörg þeirra sem ekki fá starf hjá fyrirtæki eftir námið opna eigin búðarbás og selja til dæmis flíkur sem þau hafa saumað eða viðgerðarþjónustu.

Félagsráðgjafar UYDEL fylgja skjólstæðingum sínum eftir að loknu námi í smiðjunum og samkvæmt nýlegri könnun þeirra meðal unglunga sem höfðu stundað nám í smiðjunum námsárið 2017–2018 voru 63% þeirra sem fóru í starfsþjálfun komin í launað starf, 21% höfðu hafið eigin rekstur en 16% voru enn án vinnu.

Vilhjálmur Wiium deildarstjóri þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins kynnti sér verkefnið í heimsókn sinni til Úganda í febrúar 2019. Framkvæmdastjóri og fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar fóru í vettvangsferð til Kampala undir lok maímánaðar 2019 og urðu vitni að mjög faglegu starfi félagsráðgjafa í smiðjum UYDEL.

Nemendur sem talað var við lýstu mikilli ánægju með námið og jafningjafræðsluna sem og þjónustu ráðgjafanna. Fyrrum nemendur voru einnig heimsóttir á vinnustaði þar sem þeir voru annað hvort í starfsnámi eða komnir í launað starf.

Um starf UYDEL í smiðjunum í fátækrahverfum Kampala á fyrri hluta árs 2019 var fjallað í öðru tölublaði fréttablaðs Hjálparstarfs kirkjunnar, Margt smátt..., sem gefið var út í júní.

Verkefni innanlands

Á Íslandi veitir Hjálparstarf kirkjunnar fólki sem býr við fátækt aðstoð í neyðartilfellum ásamt því að beina fólki þangað sem það getur vænst aðstoðar sem stofnunin veitir ekki beint. Hjálparstarfið leggur ríka áherslu á að tryggja velferð barna og því er sérstaklega hlúð að barnafjölskyldum.

Starfið felst í því að greina vandann, veita félagslega ráðgjöf og efnislegan stuðning. Það felst einnig í valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að gripið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra til hins betra.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins starfa með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum.

Félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að sporna gegn fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að takast á við fátækt á árangursríkan hátt.

Neyðaraðstoð vegna fátæktar

Meginmarkmið með aðstoð í neyðartilfellum er að grunnþörfum fólks sé mætt, að fjárhagslegir erfiðleikar ógni ekki heilsu fólks og takmarki ekki möguleika barna og unglinga til að taka þátt í samfélaginu. Aðstoðinni er ætlað að svara skyndilegri neyð enda er það skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda þannig að það fái lifað mannsæmandi lífi til lengri tíma.

Ráðgjöf

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar hafa sérstakan viðtalstíma og taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegri aðstoð á miðvikudögum klukkan 12:00–16:00. Í viðtölunum segir fólk frá aðstæðum sínum og hefur með sér gögn um tekjur og útgjöld síðasta mánaðar.

Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafanna sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða við og skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra. Auk þess að veita ráð og efnislega aðstoð benda félagsráðgjafarnir fólki á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum.


Efnisleg aðstoð

Efnisleg aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst í inneignarkortum fyrir matvöru, aðstoð við börn og unglunga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun sökum efnaleysis, aðstoð vegna kaupa á lyfjum og hjálpartækjum og því að fólk getur sótt sér notaðan fatnað til stofnunarinnar án endurgjalds.


Á starfsárinu 2018–2019 leitaði 2091 fjölskylda, samtals 5646 manns (miðað við 2,7 að meðaltali í fjölskyldu), efnislegrar aðstoðar hjá Hjálparstarf kirkjunnar í samtals 3979 skipti. Til samanburðar leituðu 2073 fjölskyldur, samtals 5597 manns, aðstoðar starfsárið 2017–2018 en það var 55 fjölskyldum fleiri en á starfsárinu 2016–2017.

Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar liggur til grundvallar þegar ákvörðun um efnislegan stuðning er tekin. Umsækjendur eru beðnir um að mæta til viðtals með gögn um tekjur og útgjöld frá síðustu mánaðamótum og aðstoð er veitt þegar kaupmáttur ráðstöfunartekna er undir viðmiði um lágmarksfjárhæð til framfærslu.


Fjöldi umsækjenda um efnislega aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og fjöldi skipta sem aðstoð var veitt, þróun 2014–2019




Efnisleg aðstoð sem veitt var starfsárið 2018–2019




Aðstæður umsækjenda starfsárið 2018–2019




Aldur umsækjenda um efnislega aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar starfsárið 2018–2019




Kyn umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2018–2019




Fjölskyldugerð umsækjenda starfsárið 2018–2019




Þjóðerni umsækjenda starfsárið 2018–2019



Heimilisfang umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2018-2019



Húsnæðisstaða umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2018 -2019



Inneignarkort fyrir matvöru

Neyðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort í matvöruverslunum en mikil valdefling felst í því að fólk versli sjálft þær nauðsynjar sem það þarf í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins ákveða upphæðina á inneignarkortinu og hversu oft umsækjandi fær inneign á kortið á ákveðnu tímabili. Ef umsækjandi hefur þörf fyrir áframhaldandi aðstoð að tímabilinu liðnu býðst honum að koma aftur með uppfærð gögn. Á starfsárinu 2018–2019 fengu alls 1473 fjölskyldur inneignarkort fyrir matvöru.

Vegna takmarkaðs fjármagns er fullorðnum barnlausum einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum beint til annarra aðila sem aðstoða fólk um matarföng en þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum njóta barnlausir einstaklingar einnig aðstoðar með inneignarkortum í matvöruverslunum.

Aðstoð við börn og unglinga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár leitað stuðnings hjá Hjálparstarfi kirkjunnar við að útbúa börnin í skólann. Flest sveitarfélög í landinu útvega nú skólagögn án endurgjalds og hefur aðstoð Hjálparstarfsins breyst samkvæmt því. Stuðningurinn felst nú helst í því að aðstoða barnafjölskyldur sem hafa ekki efni á að kaupa skólatöskur, hlýjan vetrarfatnað, íþróttavörur og fleira sem til fellur í upphafi skólaárs og yfir veturinn.

Hjálparstarf kirkjunnar styrkir börn og unglinga undir átján ára aldri og sem búa við fátækt til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Samtals 42 börn og unglingar undir átján ára aldri fengu styrk á síðasta starfsári til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs, meðalupphæð styrkja var 27.776 krónur. Fyrir milligöngu Hjálparstarfsins geta börn og unglingar einnig sótt sumarþúðir og sjálfstyrkingarnámskeið.

Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfsins sem notaður er til að styrkja sjálfráða ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring stuttrar skólagöngu, lágra launa og fátæktar. Á síðasta starfsári nutu 58 ungmenni styrks til greiðslu skólagjalda í framhaldsskólum og fyrir bóka- og efniskostnaði. Meðalupphæð hvers styrks var 33.463 krónur.

Lyf og hjálpartæki

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð um lyf vegna slysa eða veikinda. Hjálparstarfið greiðir lyfjaverslunum beint fyrir lyf sem aðstoðað er um en ekki er veitt aðstoð við kaup á lyfjum sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf.

Stuðningur vegna kaupa á hjálpartækjum svo sem gleraugum er fyrst og fremst veittur börnum og unglíngum. Á starfsárinu 2018–2019 nutu 367 einstaklingar um land allt aðstoðar við lyfjakaup í 641 skipti. Meðalupphæð hvers styrks var 5.533 krónur.

Notaður fatnaður

Öflugur hópur sjálfbóðaliða aðstoðar fólk sem kemur til Hjálparstarfs kirkjunnar eftir notuðum fatnaði á þriðjudögum klukkan 10:00–12:00 og annar frækinn hópur sjálfbóðaliða mætir á miðvikudögum og tekur fatnað sem borist hefur upp úr pokum og töskum, flokkar hann og setur í hillur.

Á starfsárinu 2018–2019 sóttu 495 einstaklingar og fjölskyldur sér notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu, sumir komu oftast en einu sinni en sjálfbóðaliðar aðstoðuðu fólk í alls 756 skipti við að finna fatnað við hæfi. Flestir komu í kringum jól og áramót eða um 253 einstaklingar og fjölskyldur.

Æ fleiri einstaklingar í hælisleit og annað fólk sem er nýkomið til landsins leitar til Hjálparstarfsins eftir fatnaði en fólk fætt á Íslandi er í miklum minnihluta þeirra sem sækjast eftir þeirri þjónustu. Má leiða líkum að því að íslenskar fjölskyldur leiti frekar til stórfjölskyldu og vina um notaðan fatnað en að fólk sem hér er tímabundið eða nýsest að hafi ekki það tengslanet að leita til.

Hjálparstarfið nýtur í síauknum mæli velvilja almennings sem gefur nýjan og notaðan fatnað, leikföng og húsbúnað en félagsráðgjafar Hjálparstarfsins hafa milligöngu um að koma húsbúnaði og nytjavörum til þeirra sem eru í brýnni þörf.

Jólaaðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar leggur ríka áherslu á að aðstoða fjölskyldufólk sem býr við kröpp kjör fyrir jólin svo það geti gert sér dagamun og glaðst með fjölskyldunni yfir hátíðirnar. Alls nutu 1274 fjölskyldur eða um 3400 einstaklingar um land allt aðstoðar fyrir síðustu jól samanborið við 1304 fjölskyldur eða um 3500 einstaklingar á fyrra starfsári.

Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk fær einnig notaðan fatnað eða inneignarkort fyrir fatnaði og fleira. Þá geta foreldrar fengið jólagjafir fyrir börnin.

Ásvæðum þar sem öðrum hjálparsamtökum er til að dreifa einskorðar Hjálparstarfið aðstoðina við efnalítar barnafjölskyldur. Þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum er einstaklingum einnig veitt sérstök aðstoð fyrir jól en prestar og djáknar um allt land hafa milligöngu um þá aðstoð.

Fyrir jól 2018 var gott samstarf um jólaaðstoð milli Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík, og við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir og Rauða krossinn á Eyjafjarðarsvæðinu og í Árnessýslu. Eins og fyrr gat fólk einnig leitað til presta og djákna í kirkjum vítt um land.

Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð

Hjálparstarf kirkjunnar leitast ávallt við að þróa starfið til þess að mæta sem best þörfum þeirra sem til stofnunarinnar leita. Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf en til þess að fólk komist út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf það að takast á við aðstæður á heildrænan hátt.

Markmið Hjálparstarfsins er að aðstoða fólk við að finna styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til þess að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglinga svo þau öðlist sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

Stattu með sjálfri þér er verkefni sem hóf göngu sína í febrúar 2018. Markmið þess til tveggja ára eru að þátttakendur, konur sem eru utan vinnumarkaðar, fái bætt sjálfsmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu. Konurnar hittast á fimmtudögum yfir vetrartímamann undir handleiðslu félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar en velferðarráðuneytið styrkir starfið.

Töskur með tilgang Vikulega yfir vetrartímamann hittast yfir 40 konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda og endurvinnna efni með því að sauma úr því fjölnota innkaupatöskur, grænmetispoka, dúka, skiptiteppi fyrir börn o.fl.. Þannig leggja þær sitt af mörkum til að vernda umhverfið. Í lok saumavinnunnar borða konurnar svo saman hádegismat og kynnast betur en þær koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn. Verkefnið stuðlar að virkni og félagsskap þátttakenda, minni plastnotkun og endurnýtingu efnis.

Breiðholtsbrúin er vettvangur fyrir fólk á öllum aldri til að hittast, elda góðan mat, borða saman og blómstra á eigin forsendum. Breiðholtsbrúin er opin yfir vetrartímamann í safnaðarheimili Breiðholtskirkju á mánudögum klukkan 11:30–13:30. Að brúnni standa Hjálparstarf kirkjunnar, Breiðholtskirkja, Fella- og Hólakirkja og Pepp á Íslandi. Markmiðið er að gera gott samfélag enn fjölbreyttara og skemmtilegra.

Borðum saman er samstarfsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og samfélags Ahmadiyya-múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið er að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö kvöld í mánuði.

Sumarbúðir fyrir fjölskyldur við Úlfjótuvatn Góð stemning ríkti í sumarbúðum skáta við Úlfjótuvatn dagana 11. – 14. júní en þá stóðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn á Íslandi saman að fjögurra daga sumarfrí fyrir fjölskyldur sjötta sumarið í röð. Tilgangurinn var sem fyrr að stuðla að jákvæðri upplifun fyrir börn og foreldra sem búa við efnislegan skort og hafa alla jafna ekki tæk á að fara saman í frí. Fimmtán fjölskyldur frá Íslandi, Marokkó, Úganda, Sírlandi og Póllandi komu í fríð að þessu sinni. Meðal skipulagðra dagskrárliða voru klifur, sund, bátaferðir, bogfimi, vatnasafarí og kvöldvökur.

Ræktaðu garðinn þinn Tólf konur og fimm börn þeirra taka þátt í garðaverkefni Hjálp-

arstarfs kirkjunnar í Seljagarði í Breiðholti sumarið 2019. Hjalparstarfið skipulagði garðavinnu í samstarfi við Hjalpræðisherinn í Reykjavík í fyrsta sinn árið 2015 og hefur þátttaka í verkefninu aukist jafnt og þétt en aldrei hafa fleiri tekið þátt í því en nú. Garðavinnan er tilvalið samvinnuverkefni fyrir fjölskyldurnar sem rækta ýmiss konar kryddjurtir, grænmeti og jafnvel jarðarber undir leiðsögn garðyrkjufræðings. Gildi verkefnisins felst ekki síst í útveru, hreyfingu og gæðasamverustundum fjölskyldnanna sem í því taka þátt.

Fræðsla og málsvarastarf

Fræðsla

Fréttablaðið Margt smátt ...

Fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar kemur út fjórum sinnum á ári, tvisvar í tímaritsformi, sent til um 4.000 aðila í júní og október, og tvisvar í dagblaðsformi, sent á heimili í landinu með Fréttablaðinu í upphafi jólasöfnunar og í upphafi páskasöfnunar. Í blaðinu segjum frá starfinu bæði hér heima og erlendis. Fyrirtæki og samtök kaupa auglýsingar og styrktarlínur í blaðinu.

Fréttabréf til Hjálparliða

Hjálparliðar, reglulegir styrktaraðilar Hjálparstarfs kirkjunnar, fá rafrænt fréttabréf um starfið á tveggja mánaða fresti með nýjustu fréttum af starfinu.

Samfélagsmiðlar og heimasíða

Vefsíða Hjálparstarfs kirkjunnar sem og facebook og Instagram eru notuð til að segja frá verkefnum og viðburðum og eru notuð við fjáröflun.

Fræðsla fyrir fermingarbörn og fleiri

Fræðslufulltrúi fræddi börn í fermingarfræðslu um þróunarsamvinnuverkefni í Eþíópíu og Úganda í ágúst og í október fengum við góða gesti frá Úganda, þau Trudy Nakkazi og Douglas Lubega, til Íslands. Þau heimsóttu börn í fermingarfræðslu og í framhaldsskólum vítt um landið og ræddu við þau um líf sitt og aðstæður í Úganda ásamt því að segja þeim frá verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda.

Rödd í miðlum

Þann 16. ágúst 2018 birtist grein fræðslufulltrúa í skoðanadálki á Vísi.is um stöðu barna og foreldra sem leita aðstoðar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar í upphafi skólaárs.

Þann 20. ágúst 2018 sögðu félagsráðgjafi og fræðslufulltrúi frá stuðningi við barnafólk á Íslandi í upphafi skólaárs í viðtali við Morgunútvarp Rásar 2 í tilefni fjáröflunarátaksins Ekkert barn útundan.

Þann 24. október 2018 birti Stöð 2 viðtal við félagsráðgjafa frá Úganda sem sinnti fræðslu meðal barna í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar. Stöð 2 sagði um leið frá fjáröflun fermingarbarna fyrir Hjálparstarfið sem stóð fyrir dyrum.

Þann 30. október 2018 kynnti Heimsljós á Vísi.is fræðsluverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar.

unnar meðal barna í fermingarfræðslu og sagði frá komu tveggja félagsráðgjafa frá Úganda sem sinntu fræðslunni.

Félagsráðgjafi sagði frá vinnu sjálfboðaliða og jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar í fréttaviðtali á Stöð 2 þann 28. nóvember 2018.

Félagsráðgjafi sagði frá aðstæðum fólks sem býr við fátækt og mikilvægi jákvæðrar reynslu fyrir börn og unglunga í viðtali við Fréttablaðið þann 3. desember 2018.

Fréttablaðið og Stöð 2 sögðu frá gjöf Jólasveinaþjónustu Skyrgáms og bræðra hans til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar þann 11. desember 2018.

Félagsráðgjafi sagði frá jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar á Mbl.is þann 14. desember 2018.

Fræðslufulltrúi sagði frá gjafabréfum Hjálparstarfs kirkjunnar á Mbl.is þann 16. desember 2018.

DV birti kynningu Hjálparstarfs kirkjunnar á gjofsemgefur.is þann 21. desember 2018.

Þann 14. febrúar 2019 ræddi félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar um leiðir til að tryggja velferð allra barna á Íslandi við umsjónarmenn Morgunvaktar á Rás 1.

Þann 8. mars 2019 birti DV kynningu Hjálparstarfs kirkjunnar á neyðaraðstoð og valdeflingarverkefnum stofnunarinnar á Íslandi.

Heimsljós kynnti páskaöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar í þágu ungmenna í fátækrahverfum Kampala á Visi.is þann 16. apríl 2019.

Félagsráðgjafi og fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar kynntu starf UYDEL í smiðjum fyrir unglunga í fátækrahverfum Kampala fyrir hlustendum Síðdegisútlarvarps Rásar 2 þann 16. apríl 2019.

Málsvarastarf

Hjálparstarfið telur brýnt að fólk sem býr við fátækt tali fyrir sig sjálft og taki þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar. Þjónusta við fólk í félagslegri neyð á að vera notendastýrð og fólk á að geta lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri.

EAPN og Pepp á Íslandi, samtök fólks í fátækt

EAPN á Íslandi eru regnhlífasamtök þeirra félaga sem vinna að farsæld fyrir alla á Íslandi. Samtökin eiga aðild að evrópska tengslanetinu EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990. Níu aðildarfélög standa að EAPN á Íslandi og eiga þau öll sammerkt að hafa sem hluta af sínum markmiðum að vinna að bættum hag þeirra sem búa við fátækt. Þau eru Félag einstæðra foreldra, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleiksþjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg, Hagsmunasamtök heimilanna og Öryrkjabandalag Íslands. Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar er formaður EAPN á Íslandi.

Lykilþáttur í starfsemi EAPN á Íslandi er virk þátttaka Pepp á Íslandi (PeP: *People experiencing Poverty*) sem samanstendur af öflugum hópi einstaklinga sem hafa sjálfir upplifað fátækt og félagslega einangrun.

Þann 17. október 2018 stóð EAPN fyrir morgunverðarfundum um fátækt á fullveldisöld. Á fundinum var horft til stöðu þeirra sem búa við fátækt nú og hvernig samfélagsgerð, upplifun á fátækt og orðræða hafa þróast á Íslandi undanfarin 100 ár.

EAPN og Pepp veittu Fjölmíðlaverðlaun götunnar þriðja árið í röð þann 22. febrúar 2019. Gabríel Benjamín, blaðamaður hjá Stundinni, bar sigur úr býtum fyrir grein sína „Öryrkjar enn og aftur látnir sitja á hakanum“ (Stundin, 13. desember 2018).

Þann 29. mars 2019 stóð EAPN fyrir morgunverðarfundum undir yfirskriftinni „Á okkar kostnað? – Innflytjendur – auður eða útgjöld?“

Konur sem tóku þátt í verkefninu *Töskur með tilgang* og félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar kynntu verkefnið á umhverfishátíð í Norræna húsinu þann 11. maí 2019.

Fjármál

Fjáröflun

Tekjur Hjálparstarfs kirkjunnar frá 1. júlí 2018 til 30. júní 2019 námu 357,3 milljónum króna.

Fjórar hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru farnar á starfsárinu: Haustsöfnun í ágúst og september, fjáröflun með aðstoð barna í fermingarfræðslu í nóvember og jóla- og páskasöfnun.

Regluleg styrktarframlög frá einstaklingum, prestum og sóknum þjóðkirkjunnar, keyptar styrktarlínur í fréttablaði Hjálparstarfs kirkjunnar, Margt smátt..., sala minningarkorta og gjafabréfa á vefsíðunni gjofsemgefur.is renndu einnig styrkum stoðum undir starfið.

Þá naut Hjálparstarf kirkjunnar stuðnings stjórnvalda við verkefni á sviði þróunar-samvinnu og mannúðaraðstoðar erlendis sem og við neyðaraðstoð og valdeflingar-verkefni innanlands.

Haustsöfnun -

Ekkert barn útundan!

Hjálparstarf kirkjunnar safnaði fyrir aðstoð við efnaminni foreldra í upphafi skólaárs 2018–2019 með valgreiðslukröfu í heimabanka um 2.600 króna framlag. Fyrirtæki, félagasamtök og sóknir þjóðkirkjunnar lögðu starfinu auk þess lið með rausnarlegu hætti en alls söfnuðust 7,6 milljónir króna. Átján hlauparar söfnuðu styrkjum fyrir Hjálparstarf kirkjunnar í Reykjavíkumaraþoni í ágúst 2018 og rann söfnunarféð, 218.588 krónur, inn í haustsöfnunina Ekkert barn útundan!

Fjáröflun með aðstoð barna í fermingarfræðslu um land allt

Í nóvember tóku fermingarbörn í 60 sóknum um land allt þátt í fjáröflun fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku. Alls söfnuðust 7,8 milljónir króna. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Jólasöfnun og styrkir til verkefna frá stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum

Í jólasöfnuninni 2018 var safnað fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu og Úganda. Heildarsöfnunarfé til verkefna erlendis og á Íslandi í desember og janúar að gjafabréfum meðtöldum var 71 milljón króna en þar af voru 27,3 milljónir eyrnamerkta innanlandsaðstoð.

Páskasöfnun

Í páskasöfnun 2019 var framlögum safnað til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í þágu barna og ungmenna í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda, með því að senda valgreiðslukröfu í heimabanka landsmanna undir slagorðinu *Gefum þeim séns*. Alls söfnuðust 6,5 milljónir króna.

Gjöfsemgefur.is

Á starfsárinu 2018–2019 keypti fólk gjafabréf Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir 9 milljónir króna á vefsíðunni gjofsemgefur.is.


Hjálparliðar

Hjálparliðar styrkja Hjálparstarf kirkjunnar með reglulegu framlagi og gera stofnuninni betur kleift að rétta hjálparhönd þeim sem á þurfa að halda. Hjálparliðar voru 2109 talsins í lok starfsárs 2018–2019.


Framlög til verkefna og reksturs

Hjálparstarf kirkjunnar varði 355,1 milljón króna til verkefna og reksturs á starfsárinu. Stofnunin varði alls 75,9 milljónum króna til verkefna í þróunarsamvinnu og 111,5 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarfið 87,6 milljónum króna og til fræðslustarfs 8,9 milljónum króna.


Tekjur námu 357,3 milljónum króna



283,9 milljónum króna var varið til verkefna



Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 355,1 milljónum króna



Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

Hlutverk

Hjálparstarf kirkjunnar starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótastarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmiðin eru bætt lífskjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt. Í starfinu felst fjáröflun, þróunarsamvinna og samstarf um mannúðaraðstoð erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf.

Skipulag

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun skráð í þjóðskrá og fyrirtækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra með rekstrarform félagsamtaka. Starfsár stofnunarinnar er frá 1. júlí – 30. júní ár hvert. Yfirstjórn hennar er í höndum fulltrúaráðs en í það skipar kirkjuráð þjóðkirkjunnar fimm fulltrúa, lærða og leikna, og prófastsdæmi í landinu einn fulltrúa hvert. Auk þess er hverri kirkjusókn heimilt að tilnefna fulltrúa í ráðið. Fulltrúaráð kys framkvæmdastjórn Hjálparstarfsins og setur henni og endurskoðendum starfsreglur.

Framkvæmdastjórn

Í framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2018–2019 eru: Gunnar Sigurðsson, formaður, Páll Kr. Pálsson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn í stjórn eru Hörður Jóhannesson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir. Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar og annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

Starfsfólk

Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.

Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með starfi sjálfboðaliða, bókunum og fleiru.

Áslaug Arndal hefur umsjón með skrifstofu.

Helena Gunnarsdóttir er félagsráðgjafi í innanlandsstarfinu.

Kristín Ólafsdóttir hefur umsjón með fræðslu og fjáröflun.

Sædís Arnardóttir er félagsráðgjafi í innanlandsstarfinu.

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi hefur umsjón með innanlandsstarfinu.

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Sjálfkjörin samkvæmt skipulags- skrá stofnunarinnar

Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup

Skipaðir af kirkjuráði

Gunnar Sigurðsson

Páll Kr. Pálsson

Salome Huld Garðarsdóttir

Kristín Magnúsdóttir

Þorsteinn Pálsson

Varamenn kirkjuráðs

Guðbjörg M. Matthíasdóttir

Jón Kristjánsson

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Halldór Kristinn Pedersen

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Magnús Ásgeirsson

Vigdís Pálsdóttir

Kjalarnesrófastsdæmi

Margrét Gunnarsdóttir

Sr. Bragi Ingibergsson

Vesturlandsrófastsdæmi

Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

Vestfjarðarófastsdæmi

Helga Friðriksdóttir

Svava Björg Þorsteinsdóttir

Húnavatns- og Skagafjarðarpró- fastsdæmi

Sr. Bryndís Valbjarnardóttir

Kristján Kristjánsson

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófasts- dæmi

Sr. Guðmundur Guðmundsson

Austurlandsrófastsdæmi

Sr. Gunnlaugur Stefánsson

Suðurrófastsdæmi

Hafsteinn Stefánsson

Örn Arnarson

Fulltrúar prestakalla

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Grafarvogssókn

Ásta V. Roth

Bergþóra Valsdóttir

Árbæjarsókn

Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn

Anna M. Axelsdóttir

Fellasókn og Hólabrekkusókn

Guðrún Jónsdóttir

Guðmundur Hermannsson

Seljasókn

Matthildur Sverrisdóttir

Digranessókn

Margrét Loftsdóttir

Brynja Baldursdóttir

Kársnessókn

Benedikt Vilhjálmsson

Lindasókn

María Kristín Lárusdóttir

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Ássókn

Snjólaug G. Ólafsdóttir

Bústaðasókn

Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn

Einar Gottskálksson

Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Grensásókn

Steinunn Á. Frimannsdóttir

Erik Pálsson

Hallgrímssókn

Guðlaugur Gunnarsson

Háteigssókn

Dúfa S. Einarsdóttir

Langholtssókn

Anna Þóra Pálsdóttir

Laugarnessókn

Hörður Jóhannesson

Nessókn

Katrín Helga Ágústsdóttir

Seltjarnarnessókn

Margrét Albertsdóttir

Guðmundur Magnússon

Kjalarnesrófastsdæmi

Bessastaðasókn

Margrét Gunnarsdóttir

Garðasókn

Torfey Rós Jónsdóttir

Kálfatjarnarsókn

Inga Rut Hlökkversdóttir

Simon Georg Rafnsson

Suðurrófastsdæmi

Selfosskirkja

Vilhjálmur E. Eggertsson

Þórður H. Árnason

Ofanleitissókn

Sigríður Kristjánisdóttir

Guðbjörg Matthíasdóttir

Kirkjubæjarklaustursprestakall

Elín Anna Valdimarsdóttir

Kristín Lárusdóttir

Vesturlandsrófastsdæmi

Akranessókn

Sigríður Kr. Valdemarsdóttir

Ragnheiður Grímsdóttir

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Akureyrarsókn

Jón Oddgeir Guðmundsson

Lögmannshlíðarsókn

Baldur Dýrfjörð

Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkursókn

Guðbergur Rafn Ægisson

Heimasíða: help.is

Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)

Instagram: [@hjalparstarfid](https://www.instagram.com/hjalparstarfid)

Gjafabréf: gjofsemgefur.is